

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Fossnesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 14. mars 2007 tillögu að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í landi Fossness í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2.000 þann 23. nóvember 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 14. desember 2006 til og með 11. janúar 2007 með athugasemdafresti til og með 25. janúar 2007.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 3. september 2007.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.